

## Yfirlit ársins 2014

### Rannsóknarnefnd samgönguslysa (RNSA) stofnuð 1. júní 2013

Þann 21. febrúar 2013 voru samþykkt lög nr. 18/2013 á Alþingi, um rannsókn samgönguslysa. Með lögnum er starfsemi Rannsóknarnefndar flugslysa, Rannsóknarnefndar sjóslysa og Rannsóknarnefndar umferðarslysa sameinuð í eina rannsóknarnefnd. Þá voru nefndirnar þrjár sameinaðar í eina sjö manna rannsóknarnefnd samgönguslysa sem heyrir undir innanríkisráðherra ásamt sex varamönnum. Lögin tóku gildi þann 1. júní 2013. Tveir starfsmenn eru í fullu starfi hjá RNSA (sjólys).

Í lögnum er meðal annars að finna þrjá mismunandi kafla um rannsókn flugslysa, sjóslysa og umferðarslysa (ásamt alvarlegum atvikum). Rannsóknnum er þannig skipt í einstaka flokka sbr. 4.gr. laganna.

Markmið laganna er að fækka slysum og auka öryggi í samgöngum með því að efla og bæta slysarannsóknir. Rannsókn samkvæmt lögnum skal eingöngu miða að því að leiða í ljós orsakir samgönguslysa og samgönguátvika, en ekki að skipta sök eða ábyrgð, með það að markmiði að draga úr hættu á sams konar slysum og atvikum og afleiðingum sambærilegra slysa segir í fyrstu grein laganna. Er hún sambærileg grein sama efnis og í gildandi lögum um rannsóknir flugslysa, sjóslysa og umferðarslysa nema orðalagi er breytt þar sem hún nær yfir öll slys í samgöngum.

### Yfirlit ársins 2014 hjá RNSA - sjólys

Á árinu 2014 voru haldnir fimm fundir hjá RNSA-sjólys og voru 130 lokaskýrslur afgreiddar. Einnig voru 11 mál afgreidd sem drög og send aðilum þeirra til umsagnar. Staðan um áramót var sú að afgreiðsla sex mála hafði verið frestað og voru í frekari vinnslu.

Lokaskýrslur sem voru afgreiddar með nefndaráliti voru 70. Gerðar voru tvær tillögur í öryggisátt og sex margar sérstakar ábendingar í málum sem afgreidd voru.

Um áramót átti nefndin eftir að taka fyrir 39 mál frá árinu 2014 og þar af tvö frá árinu 2013 sem höfðu dregist vegna erfiðleika við öflun gagna.

Tilkynnt og skráð mál hjá RNSA-sjólys voru samtals 98 en voru 170 á árinu 2013 og 137 á árinu 2012. Á töflunni hér að neðan má sjá grófa flokkun á eðli mála ársins í samanburði við síðastliðin níu ár. Einnig má sjá á töflunni meðaltal árána á undan þ.e.a.s. frá 2004 til 2013.

Yfirlit um mál til RNS frá 2004 - 2014												
Eðli mála	2004	2005	2006	2007	2008	2009	2010	2011	2012	2013	2014	Meðaltal 2004-2013
Skip sekkur	16	7	4	6	8	8	6	2	4	6	1	7
Skip strandar/tekur niðri	16	16	21	21	16	11	8	15	14	11	11	15
Árekstur/ásigling	3	9	12	4	13	5	6	10	4	5	4	7
Eldur um borð	5	10	5	7	7	8	7	4	9	7	6	7
Leki að skipi	10	7	7	3	4	3	5	7	7	6	7	6
Slys á fólki	89	88	83	49	64	55	61	69	48	53	42	66
Banaslys	3	3	4	5	0	1	1	0	4	2	0	2
Banaslys við köfun						1	1	0	1	0	0	1
Önnur köfunaratvik				1			1	0	2	1	0	1
Skip dreginn til hafnar	9	9	15	57	40	49	51	41	35	66	30	37
Annað	0	19	21	21	20	10	12	6	9	13	0	13
<b>Skráð mál</b>	<b>151</b>	<b>168</b>	<b>172</b>	<b>171</b>	<b>172</b>	<b>151</b>	<b>159</b>	<b>154</b>	<b>137</b>	<b>170</b>	<b>98</b>	<b>161</b>

Eins og fram fækkar skráðum málum á milli ára fækkað um 42% og eru á árinu 2014 um 39% undir meðaltali árána 2004 – 2013. Allir málaflakkar, nema einn, er undir sama meðaltali og má t.d. nefna ánægjulega þróun um slys á fólki en þar er skráning á árinu 36% undir meðaltalinu.

### Banaslys

Enginn banaslys urðu á íslenskum skipum á árinu 2014 og gerðist það einnig á árunum 2008 og 2011. Banaslys varð síðast á sjó þann 25. júlí 2013 sem þýðir að um áramót voru um 17 mánuðir liðnir frá því slysi.

## Slys á fólki

Skráð slys á sjómönnum hjá RNSA á árinu eru 42 sem er fækkun um 11 slys á milli ára eða um 21% og er um 36% undir meðaltali árána 2004-2013. Algengustu slysin voru við vindur, fiskvinnsluvélar, færribönd, skurðir og stungur ýmiskonar eða um 50%. Önnur algeng slys voru þegar menn urðu á milli og klemmdust (9), fallslys ýmiskonar (8) og önnur slys voru helst við löndun, landfestar, sjóbúnað o.fr.v. Einn maður flæktist í veiðarfærum og fór fyrir borð án þess að verða meint af. Í töflunni hér að neðan má sjá hvernig slysum á fólki skiptast eftir tegundum skipa.

Tegund skips	Fjöldi slysa
Slys á fiskibátum undir 20 BT	1
Slys á flutningaskipum	9
Slys á neta, skel og línubátum	11
Slys á nótaveiðiskipum	2
Slys á skemmtibátum	1
Slys á togveiðiskipum	18

## Skip

Aðeins eitt skip sökk á árinu og var það vegna leka en sex skip sukku á árinu 2013. Meðatal sokkina skipa frá 2004 eru sjö á ári og er því árið 2014 um 85% undir þessu meðaltali sem er athyglisverð þróun.

Atvikum þegar skip stranda standa í stað miðað við árið 2013 en eru samt talsvert undir meðaltali. Árekstrar eru einum færri en árið á undan og einnig undir meðaltali. Atvik um eld um borð fækkar milli ára en fjölgar um tilfelli þar sem um er að ræða leka um borð.

Mikil fækkun er á skráðum atvikum þegar skip voru dregin til hafnar vélarvana af ýmsum ástæðum og voru þau nú 30 miðað við 66 allt árið í fyrra. Skýringin á þessu er helst að finna vegna ýmissa vandræða hjá strandveiðibátum en á árinu voru skráð 10 mál vegna þeirra en voru 36 á árinu 2013. RNSA hefur fylgst náið með þessum atvikum og mun gera það áfram vegna þess lærdóms sem sannarlega má af þeim draga.

## Tillögur í öryggisátt:

Eins og áður segir gerði RNSA tvær tillögur í öryggisátt á árinu til Samgöngustofu. Tillögurnar voru eftirfarandi ásamt málanúmeri:

### Mál nr. 10312 Þórsnes II SH 109, strandar á Breiðafirði

Nefndin hvetur til að haldið verði áfram með markvissar sjómælingar í Breiðafirði.

### Mál nr. 16413 Dröfn RE 35, fær kræklingalínur í skrúfuna

Nefndin telur nauðsynlegt að fyrirtæki sem fá leyfi til sjóeldis sé gert skylt að kaupa tryggingu sem standi straum af kostnaði við að fjarlægja eldisbúnað úr sjó komi til rekstrarstöðvunar.

## Sérstakar almennar ábendingar:

Eins og áður hefur komið fram gerði nefndin sex sérstakar almennar ábendingar til sjó- og skipstjórnarmanna. Þessar ábendingar eru eftirfarandi ásamt viðeigandi málanúmerum:

### Mál nr. 00713 Brúarfoss, rekur stjórnlaus á bryggju

Nefndin hvetur stjórnendur skipa til að tileinka sér notkun gátlista við störf sín og nota staðlað samskiptakerfi milli starfsstöðva til að tryggja öryggi við komu og brottfarir.

### Mál nr. 06813 Eyjólfur Ólafsson HU 100, vélarvana og dreginn til hafnar

Nefndin hefur margsinnis bent á nauðsyn þess að gæta sérstaklega að gamalli olíu í tönkum sem ekki hafa verið notaðir í langan tíma. Hitabreytingar orsaka sagga í síðum og slagvatn safnast fyrir í botninum sem flýttir fyrir gróðurmyndun á skilum vatns og olíu.

### Mál nr. 10013 Bíldsey SH 65, skipverji slasast við fall

Nefndin bendir á nauðsyn þess að komið sé fyrir handfestum sem skipverjar geta gripið í við aðstæður sem þessar.

### Mál nr. 12013 Sædís Bára GK 88, strandar við Skagaströnd, stjórnandi sofnar

Mörg mál sambærileg þessu hafa borist nefndinni á liðnum árum þar sem stjórnandi sofnar á siglingavakt oft á tíðum vegna langvinnrar þreytu og óhóflegrar vöku. Nefndin beinir því til skipstjórnarmanna að huga vel að mikilvægi hvíldar til að koma í veg fyrir að þeir sofni við stjórn. Þá hvetur nefndin stjórnendur til að nota allan þann viðvörunarbúnað sem getur komið í veg fyrir atvik sem þetta.

### Mál nr. 16013 Sigurbjörg ÓF 1, skipverji klemmist á hendi

Nefndin bendir á nauðsyn þess að gera áhættumat þegar nýr búnaður er tekinn í notkun til að sjá hvort einhverjar þær breytingar hafa orðið sem geta haft áhrif á örugg vinnubrögð.


### Mál nr. 00314 Klakkur SK 510, skipverji slasast á hendi

Nefndin telur nauðsynlegt að vinnureglur, sem unnið er eftir, séu skriflegar og yfirfarnar reglulega.

## Tilkynnt slys á sjómönnum til Sjúkratrygginga Íslands (SÍ)

Samkvæmt upplýsingum frá SÍ voru 201 skráð slys á sjómönnum á árinu 2014 en voru 229 á árinu 2013 og 249 árið 2012. Um er að ræða um 12% fækkun á milli ára og um 19% frá árinu 2012.

Á súluritinu hér að neðan er fjöldi skráninga hjá SÍ á árunum 2004-2014.



Þróun í þessum efnum hefur verið mjög jákvæð undanfarin ár en frá árinu 2000, þegar ný lög og nýjar áherslur urðu til við rannsóknir á sjóslysum, hefur tilkynntum slysum fækkað umtalsvert. Meðaltal tilkynnttra slysa á sjómönnum til SÍ frá árinu 2000 – 2012 eru um 321 og eru slys á árinu 2014 talsvert undir því meðaltali.

Tilkynnt slys á sjómönnum frá árinu 2000 – 2014 til Tryggingastofnunar Íslands og síðan Sjúkratrygginga Íslands eru samtals 4.601.

RNSA hefur ástæðu til að nefna að margar útgerðir í landinu hafa tileinkað sér og innleitt öryggiskerfi um borð í skipum sínum sem hafa borið mikinn árangur. Ekki má gleyma árangri Slysavarnaskóla sjómanna í


öryggismálum um borð í skipum.

Rannsókuð slys á sjómönnum hjá RNSA á árinu 2014 er hlutfallslega um 21% en var um 23% á árinu áður. Meðaltal rannsakaðra slysa á sjómönnum frá því að ný lög tóku gildi árið 2000 til loka árs 2013 er um 22%.

## Tilkynningar á atvikum til RNS

RNS hefur á undanförunum árum tekið saman hvernig skipting tilkynninga á atvikum sem koma til umfjöllunar hjá RNSA. Á myndinni hér að neðan sést hvernig þetta skiptist á milli aðila frá árinu 2005.

### Tilkynningar til RNSA



Hlutfall upplýsinga um atvik sem fengnar eru úr fjölmiðlum er um 13% en var um 18% á árinu 2013. Tilkynningar hjá aðilum sem tengjast sjávarútvegnum þ.e.a.s. útgerðum, skipstjórum og slösuðum er um 24% en voru um 21% á árinu á undan.

Um 20% kom frá lögregluembættum landsins en voru um 10% á árinu áður og Vaktstöð siglinga er með um 41% tilkynninga en var um 48% á síðasta ári.

**Nefndin hvetur sjómenn og útgerðaraðila að virða skyldur sínar um tilkynningu atvika til RNSA. Þó atvik séu í huga manna lítilfjörleg og telji það ekki tilefni til séstakrar rannsóknar þá er skráning þeirra mikilvæg því tölulegar upplýsingar geta verið mjög gagnlegar í baráttunni við að auka öryggi á sjó.**

## **Prentuð skýrsla RNS**

Á árinu 2014 var gefin út prentuð skýrsla Rannsóknarnefndar sjóslysa fyrir árið 2012 og var hún í sama broti og síðastliðin ár. Þetta verður væntanlega síðasta skýrslan sem verður gefin út í prentuðu formi en í ráði er að hún verði aðgengileg í PDF formi á vef RNSA.

Hægt er að nálgast áður útgefnar prentaðar skýrslur á PDF formi á vef RNS ásamt öllum lokaskýrslum og tilkynntra atvika til nefndarinnar sem birtast þar strax við skráningu mála. Einnig er hægt að hafa samband við RNSA og fá útgefnar skýrslur sendar að kostnaðarlausu.